



Kynning á aðgerðaráætlun Olweusar gegn einelti



Breiðagerðisskóli



Höfundur eineltisáætlunarinnar er Dan Olweus.

Prófessor í sálarfræði við Háskólann í Bergen.

Fyrstur fræðimanna í heiminum sem rannsakaði
einelti á kerfisbundinn hátt.

Rannsakaði ofbeldi meðal drengja í Svíþjóð áður
en hann fluttist til Noregs 1970.

Hlaut lýðheilsuverðlaun Norðurlanda 2002.



Olweusaráætlunin gegn einelti

er samstarfsverkefni:

Menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitafélaga, Kennarasambands Íslands og Heimilis og skóla.

Olweusaráætlunin gegn einelti og andfélagslegri hegðun:

Heildstæð nálgun sem nær til alls skólasamfélagsins.

Helstu markmið:

- Draga úr tækifærum til eineltis.
- Skapa þannig andrúmsloft að einelti borgi sig ekki.
- Endurbæta félagslegt umhverfi í skólanum.

Fjórar grundvallarreglur:

- Hlýja, einlægur áhugi og alúð hinna fullorðnu.
- Hinir fullorðnu koma fram af myndugleika.
- Virkt eftirlit fullorðinna í skólanum og á skólalóðinni.
- Ákveðnir rammar gegn óviðunandi atferli.
- Viðurlög vegna óviðunandi atferlis.
- Virk hlutdeild nemenda með t.d. föstum bekkjarfundum.

Skilgreining Olweusar á einelti:

Endurtekið neikvætt eða „illgirnislegt“ atferli eins eða fleiri einstaklinga sem beinist gegn ákveðnum einstaklingi sem á erfitt með að verja sig. Getur verið beint eða óbeint einelti.

Þrenns konar viðmið:

1. Neikvætt / „illgirnislegt“ atferli.
2. Endurtekning í nokkurn tíma.
3. Ójafnvægi í raunverulegum eða ætluðum mun á aflsmunum – málsaðilar eru ekki jafningjar.

Beint og óbeint einelti:

Beint

Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk.

Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni, MSN, SMS, bloggsíður.

Óbeint:

baktal, rógur, útskúfun eða útilokun úr félagahópi –hunsun

Eineltishringurinn

Viðbragðsmynstur í eineltisaðstæðum.



GERANDI

Á sjálfur frumkvæði að eineltinu og tekur þátt.



VERNDARI

Er á móti eineltinu og hjálpar eða reynir að hjálpa þolanda.



MEÐHLAUPARI / HANDLANGARI

Er vikur þátttakandi en á ekki frumkvæðið

ÞOLANDI



STUÐNINGSADILI / ÓVIRKUR GERANDI

Styður eineltið en er ekki virkur þátttakandi.



ÓVIRKUR STUÐNINGSADILI / HUGSANLEGUR GERANDI

Er samþykkur eineltinu en styður það ekki sýnilega



HUGSANLEGUR VERNDARI

Er á móti eineltinu og finnst hún/hann ætti að hjálpa - en gerir það ekki



HLUTLAUS ÁHORFANDI

Sér hvað gerist en skiptir sér ekki af

Áhrif eineltis á skólaumhverfið

Einelti sem ekki er gripið inn í:

- Neikvætt andrúmsloft getur þróast í nemendahópnum, bekknum og jafnvel skólanum, ef um útbreitt einelti er að ræða.
- Nemendur geta farið að líta á það sem merki um að eineltið sé samþykkt.

Afleiðingar eineltis fyrir þolendur.

- Alvarleg áhrif á sjálfsmyndina
- Kemur fram í námi og líðan.
- Depurð – vonleysi.
- Getur leitt til alvarlegs þunglyndis.

Afleiðingar eineltis fyrir gerendur.

- eru í áhættu ef þeir festast í hlutverkinu.
 - Glæpsamlegt athæfi
 - Áfengis/vímuefnamisnotkun.
 - Erfiðleikar í samskiptum á vinnustað eða fjölskyldu

Hvaða merki geta foreldrar séð um að barn þeirra sé lagt í einelti?

- Barnið kemur heim með skítug/blaut föt, skemmdar eigur eða segist hafa týnt.
- Er með mar, skrámur eða áverka.
- Tekur ekki með sér bekkjarfélaga heim og er sjaldan með skólafélögum.
- Sýnir kvíðaeinkenni og vill t.d. ekki fara í skóla eða forðast ákveðnar aðstæður, s.s. sund, leikfimi o.þ.h.
- Missir áhuga á námi eða skóla.
- Líkamleg einkenni eins og magaverk og höfuðverk.
- Sefur illa og á erfitt með að sofna.
- Stelur eða biður um peninga heima.

Hvaða merki geta foreldra séð um að barn þeirra leggi aðra í einelti.

- Virðist sem barnið hafi gaman af að hæðast, brjóta gegn rétti annarra, stjórna, meiða eða gera lítið úr öðrum.
- Hefur þörf fyrir að ráða yfir og ráðskast með fólk.
- Er árásargjarnt, frekt, þrjóskt og setur sig almennt á móti öllu eða öllum.



Hvað geta foreldrar gert ef þeir telja barn sitt lagt í einelti?

- Hlustað á barnið og trúað því.
- Fylgst með líðan, tekið eftir hvort barnið forðast ákveðnar aðstæður og kennslustundir.
- Fá fund með umsjónarkennara.
- Vera í góðu sambandi við skólann, reyna að forðast að vera ásakandi.
- Leita til skólastjóra, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings.
- Haft þolinmæði - ekki gefast upp.
- Aðstoðað barnið við félagatengsl.

Hvað gerir Breiðagerðisskóli?

- Tekur þátt í Olweusarverkefni.
- Mótar skýra stefnu.
- Vinnur fyrirbyggjandi vinnu.
- Bregst við.
- Leggur fyrir könnun á einelti meðal nemenda.
- Er í samstarfi við foreldra.
- Er í samstarfi við nemendur.
- Aðstoðar gerendur.
- Aðstoðar þolendur.
- Fylgist með málum sem eru talin leyst.

Breiðagerðisskóli er þátttakandi í eineltisáætlun Olweusar.

- 80 skólar á Íslandi taka þátt.
- Breiðagerðisskóli hóf innleiðingu áætlunarinnar haustið 2002.
- Innleiðingin tók tvö ár.

Hvað er innleiðing?

- Vitunda og þátttaka allra starfsmanna - fræðslu og umræðufundir um Olweusaráætlunina á tveggja vikna fresti
- Aðgerðir í skólanum í heild. (eftirlit – skipulag)
- Aðgerðir á bekkjarstigi. (bekkjarreglur – fundir)
- Aðgerðir á einstaklingsstigi. (viðtöl – eftirfylgd)

